

Reglur um meðferð mála fyrir siðanefnd HRFÍ

I. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Siðanefnd er kosin á aðalfundi Hundaræktarfélags Íslands (HRFÍ) og starfar á grundvelli laga HRFÍ og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga.

Nefndin er skipuð þremur fulltrúum en tveir fulltrúar eru kjörnir til vara. Siðanefnd velur sér formann. Nefndarmenn og varamenn geta ekki verið stjórnarmenn í aðalstjórn HRFÍ.

Í einstaka umfangsmiklum og mikilvægum málum getur siðanefnd fjölgað í nefndinni með því að kalla inn í hana löglærðan fulltrúa utan félagsins.

Nefndin hefur aðsetur hjá skrifstofu HRFÍ sem sér henni fyrir nauðsynlegri aðstöðu.

2. gr.

Siðanefnd er sjálfstæð og óhlutdræg í störfum sínum.

Nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

- Ef hann er aðili máls, fyrirvarsmáður eða umboðsmáður aðila skv. 4. gr.
- Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mæðgur aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- Ef hann tengist fyrirvarsmanni eða umboðsaðila með þeim hætti sem segir í 2. tölulið.
- Á kærustigi hafi hann komið að málinu á vegum HRFÍ áður en kæra berst siðanefnd.
- Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölulið eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeygu sem hann er í fyrirvari fyrir.
- Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjórlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á efnislega niðurstöðu.

Þegar nefndarmaður er vanhæfur má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Hann skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

Nefndarmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans skal vekja athygli siðanefndar á þeim. Siðanefnd tekur ákvörðun um hvort nefndarmaður vikor sæti. Nefndarmaður sem ákvörðun um vanhæfi snýr að, skal ekki taka þátt í ákvörðun um það. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að siðanefnd verður ekki ályktunarhæf. Skulu þá allir nefndarmenn taka ákvörðun um hæfi nefndarmanna.

Þegar nefndarmaður er vanhæfur tekur varamaður sæti í siðanefndinni í málsmeðferð og úrskurði málsins sem til úrlausnar er.

3. gr.

Hlutverk siðanefndar HRFÍ er að fjalla um ágreining milli félagsmanna eða stofnunar innan HRFÍ enda sé kærur beint til nefndarinnar af öðrum hvorum málsaðila eða báðum. Siðanefnd leysir úr ágreiningi um háttsemi sem kann að varða við lög um dýravernd, lög HRFÍ og þær grundvallarreglur sem HRFÍ hefur sett sér varðandi meðferð hunda, hundarækt og sölu hunda og úrskurða í málum þeirra aðila sem taldir eru hafa brotið gegn reglum og markmiðum félagsins eða unnið gegn því á einhvern hátt innan félagsins eða utan.

4. gr.

Hafi kæruefni verið lagt fyrir dómstóla eða dómsmáli er lokið um ágreiningsefni, en það síðan borið undir nefndina, vísar hún málinu frá sér.

5. gr.

Aðila máls er heimilt að fela umboðsmanni sínum að gæta hagsmuna sinna fyrir nefndinni. Heimilt er að krefjast skriflegs umboðs til erindreksturs fyrir nefndinni.

II. KAFLI UM MÁLSMEÐFERÐ OG ÚRSKURÐI

6. gr.

Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og í henni skal greint frá nafni, kennitölu og heimilisfangi kæranda. Einnig skal koma fram hvaða félagsmaður á í hlut, málsatvik þau, sem eru tilefni kærunnar og hvernig kærandi telur félagsmann hafa gerst brotlegan. Erindi skulu fylgja sönnunargögn þau, sem á er byggt.

Kæra skal afhent á skrifstofu félagsins en hún telst móttækin þegar hún er árituð um móttöku af siðanefnd.

Kæra skal vera undirrituð af kæranda eða umboðsmanni hans. Kæra og öll gögn skulu berast nefndinni í sex eintökum.

Nefndin lætur útbúa sérstakt eyðublað, sem nota má til að senda erindi til hennar.

7. gr.

Ef nefndarmenn eru einhuga um að ljúka beri máli þegar í upphafi, þar sem augljóst sé að vísa beri því frá eða að það sé augljóslega ekki á rökum reist, vísar hún máli frá. Tilkynna skal kæranda um slíka niðurstöðu.

Að öðrum kosti skal leggja kæru og fylgigögn fyrir þann sem kærður er til skriflegrar umsagnar.

8. gr.

Að kröfu aðila getur siðanefnd úrskurðað í málum til bráðabirgða ef sérstakar og ríkar ástæður eru til þess að mati nefndarinnar. Synji nefndin að kveða upp bráðabirgðaúrskurð skal hún rökstudd í endanlegum úrskurði. Tilkynna skal aðilum um synjun innan fjögurra vikna frá því að krafa kom fram.

Bráðabirgðaúrskurði skal afmarkaður sérstakur gildistími sem að hámarki getur orðið þrjú mánuðir.

9. gr.

Ef kæru er ekki vísað frá skv. 7. gr. ákveður nefndin hvort frekari gagna skuli aflað, eftir að umsögn félagsmanns, sem erindið varðar, hefur borist eða svarfrestur líður án þess að kærður sendir umsögn. Gefa skal aðilum kost á að leggja fram viðbótargreinargerðir.

Nefndin getur krafist aðila um frekari gögn eða aflað þeirra. Siðanefnd getur kallað aðila á fund nefndarinnar og óskað eftir að gefi skýrslu um kæruefni. Skýrslur aðila skal bóka í aðalatriðum.

Málsaðilum skulu að jafnaði kynnt gögn máls eftir því sem þau berast, nema slíkt sé bersýnilega óþarft eða réttmætar ástæður mæla gegn því að mati nefndarinnar, sbr. 17. gr. stjórnsýslulaga.

Frestur til að skila skriflegum greinargerðum eða athugasemdum skal að jafnaði vera tvær vikur, en heimilt er nefndinni að framlengja slíkan frest, ef sérstaklega stendur á. Frestur kærðs félagsmanns til að skila fyrstu umsögn skal þó vera fjórar vikur.

Sinni málsaðilar ekki tilmælum um skriflegar greinargerðir eða athugasemdir innan tilskilins frests skulu þau ítrekuð með nýjum fresti, sem skal að jafnaði ekki vera lengri en ein vika.

Sinni kærandi ekki tilmælum nefndarinnar um framlagningu gagna er henni heimilt að vísa máli frá. Ef kærður félagsmaður sinnir ekki tilmælum nefndarinnar um skriflega

umsögn eða framlagningu annarra gagna getur nefndin byggt úrlausn máls á framlögðum gögnum og öðrum upplýsingum, sem hún sjálf aflar um málið.

Nefndinni er heimilt, hvenær sem er við meðferð máls, að leita sátta með aðilum. Skylt er að leita sátta með aðilum þegar nefndin telur öll gögn liggja fyrir og öll sjónarmið er máli kunna að skipta komin fram.

10. gr.

Nefndin tekur afstöðu til sönnunargildis framkominna yfirlýsinga og gagna, sem þýðingu hafa fyrir úrslit máls.

Ef í máli eru sönnunatriði, sem örðugt er að leysa úr undir rekstri málsins, eða mál er að öðru leyti ekki nægilega upplýst, getur nefndin vísað máli frá.

Ef í máli er ágreiningur, sem ekki fellur undir valdsvið nefndarinnar, vísar hún málinu frá.

11. gr.

Úrskurðir nefndarinnar skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið. Úrskurðirnir skulu vera skriflegir og rökstuddir.

Þess skal getið hvort allir nefndarmenn eru sammála um niðurstöðu. Ef nefndin er ósammála um niðurstöðuna skal getið um það hvaða atriði nefndarmenn eru ósammála um og jafnframt skal þess getið hverjir nefndarmenn eru ósammála meirihlutanum.

12. gr.

Úrskurður skal birtur málsaðilum innan viku frá því að hann var kveðinn upp. Úrskurðir skulu birtir í Sámi.

III. KAFLI RÉTTARÁHRIF MÁLSMEÐFERÐAR OG ÚRSKURÐA

13. gr.

Komist nefndin að þeirri niðurstöðu, að félagsmaður hafi ekki hagað sér í samræmi við lög eða reglur félagsins getur hún fundið að vinnubrögðum hans eða háttsemi eða veitt honum áminningu.

Ef sakir eru miklar eða félagsmaður hefur ítrekað sætt áminningu getur nefndin, í rökstuddu áliti beitt eftirtöldum viðurlögum, einum sér ellegar fleiri saman allt eftir eðli máls:

- 1) útilokun frá þátttöku í starfi HRFÍ að fullu eða í tiltekinn tíma
- 2) útilokun frá dómastörfum eða öðrum trúnaðarstörfum að fullu eða í tiltekinn tíma
- 3) svipting ræktunarnafns
- 4) útilokun frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini HRFÍ, í tiltekinn tíma eða að fullu, hafi aðili vísvitandi og á sannanlegan hátt gefið rangar upplýsingar til ættbókar HRFÍ, sýnt ótrúmennsku í ræktunarstöfum eða á annan hátt valdið alvarlegum skaða við ræktun viðkomandi hundakyns.
- 5) brottvísun úr félaginu að fullu eða í tiltekinn tíma. Siðanefnd getur beitt fleiri en einu ákvæði og getur jafnframt úrskurðað eftir atvikum að viðurlög geti átt við heimilismenn þess sem brotlegur er. Siðanefnd getur úrskurðað um brot fyrrverandi félagsmanns, hafi brotin átt sér stað í félagstíð hans. HRFÍ er ekki ábyrgt fyrir skaða sem aðili kann að verða fyrir vegna umfjöllunar eða úrskurða siðanefndar.

14. gr.

Úrskurður siðanefndar er endanlegur. Siðanefnd getur endurskoðað ákvarðanir sínar ef ríkar ástæður eru til. Skal mál þá endurupptekið að kröfu aðila en það skal aðeins gert ef sýnt er fram á með óyggjandi hætti að fyrri úrskurðun nefndarinnar byggði á röngum skilningi á atvikum máls ellegar fram eru komnar nýjar upplýsingar er breyta grundvelli úrskurðarins. Beiðni um endurupptöku skal gerð með skriflegum hætti. Komi engar nýjar upplýsingar fram synjar siðanefnd um endurupptöku.

Málsaðili getur fyrir dómi leitað ógildingar eða breytinga á úrskurði nefndarinnar.

IV. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI

15. gr.

Nefndin heldur fundi þegar fram er komin kæra. Á meðan óafgreidd mál eru hjá nefndinni skal hún að jafnaði hittast einu sinni í mánuði. Ef brýn nauðsyn krefur getur nefndin haldið fundi oftár til úrlausnar einstakra mála.

16. gr.

Í gerðarbók skal færa meginefni þess, sem fram kemur á fundum nefndarinnar. Endurrit úr fundargerðarbók má afhenda þeim, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta.

17. gr.

Fullskipuð nefnd kveður upp úrskurði eða gefur frá sér álitsgerðir. Skulu úrskurðir og álitsgerðir undirritaðar af þeim, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls.

Afl atkvæða ræður úrslitum.

18. gr.

Við birtingu úrskurða skal nafnleyndar að jafnaði gætt. Ef sérstök rök mæla gegn því skal birta nöfn aðila. Aðilum er heimilt að setja fram kröfur þess efnis að nafnbirting fari fram en slík krafa skal rökstudd.

19. gr.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, um málsmeðferð fyrir nefndinni.

Málsmeðferðarreglur þessar voru upphaflega samþykktar á fundi siðanefndar HRFÍ þann 1. mars 2010.